



Kópavogsbær

MEKÓ
MENNING Í KÓPAVOGI
Lista- og menningarráð Kópavogs

Útgefið
21. janúar 2024



LJÓÐSTAFUR
JÓNS ÚR VÖR
2024

Ljóðstafur Jóns úr Vör

Árið 2001 var stofnað til ljóðasamkeppni á vegum Lista- og menningarráðs Kópavogs og Ritlistarhóps Kópavogs, sem hlaut nafnið Ljóðstafur Jóns úr Vör, í minningu skáldsins sem lést 4. mars 2000.

Jón fæddist á Vatneyri við Patreksfjörð 21. janúar 1917 en starfaði lengst af í Kópavogi þar sem hann var hvatamaður að stofnun bókasafnsins og síðar fyrsti bæjarbókavörður bæjarfélagsins. Jón starfaði að menningarmálum með ýmsum hætti, var til dæmis bæði bóksali og ritstjóri, en fyrst og fremst var hann brautryðjandi í íslenskri ljóðagerð.

Ljóðstafur Jóns úr Vör er veittur að lokinni samkeppni þar sem öllum er frjálst að senda inn frumsamin ljóð á íslensku, og undir dulnefni. Hér takast því á reyndari skáld og þau yngri í jöfnum leik.

Veitt eru peningaverðlaun og verðlaunaskáldið fær til varðveislu í eitt ár silfurskreyttan göngustaf, sem var í eigu Jóns úr Vör. Á stafinn er festur skjöldur með nafni verðlaunahafa ásamt ártali. Árið 2011 var Ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs sett á laggirnar, haldin í tengslum við Ljóðstaf Jóns úr Vör. Markmiðið með grunnskólakeppninni er að efla áhuga barna og ungmenna á ljóðagerð en öll grunnskólabörn í Kópavogi geta tekið þátt.

Dómnefnd, skipuð fagfólki á sviði bókmennta, fer yfir innsend ljóð beggja flokka. Verðlaun hafa ávallt verið veitt við hátíðlega athöfn á fæðingardegi Jóns úr Vör, 21. janúar ár hvert.

Dómnefnd Ljóðstafs Jóns úr Vör 2024:
Kristín Svava Tómasdóttir (formaður)
Þórdís Helgadóttir
Þórður Sævar Jónsson

Eftirfarandi hafa hlotið Ljóðstaf Jóns úr Vör

2024

Vala Hauksdóttir: Verk að finna

2023

Sunna Dís Másdóttir: Á eftir þegar þú ert búin að deyja

2022

Brynja Hjálmsdóttir: Þegar dagar aldrei dagar aldrei

2021

Þórdís Helgadóttir: Fasaskipti

2020

Björk Þorgrímsdóttir: Augasteinn

2019

Brynjólfur Þorsteinsson: Gormánuður

2018

Sindri Freysson: Kínversk stúlka les uppi á jökli

2017

Ásta Fanney Sigurðardóttir: Silkileið nr. 17

2016

Dagur Hjartarson: Haustlægð

2015

Ljóðstafur ekki veittur

2014

Anton Helgi Jónsson: Horfurnar um miðja vikuna

2013

Magnús Sigurðsson: Tunglsljós: In memoriam

2012

Hallfríður J. Ragnheiðardóttir: Triptych

2011

Steinunn Helgadóttir: Kaf

2010

Gerður Kristný: Strandir

2009

Anton Helgi Jónsson: Einsöngur án undirleiks

2008

Jónína Leósdóttir: Miðbæjarmynd

2007

Guðrún Hannesdóttir: Offors

2006

Óskar Árni Óskarsson: Í bláu myrkri

2005

Linda Vilhjálmisdóttir: Niður

2004

Hjörtur Marteinnsson: Hvorki hér né ...

2003

Ljóðstafur ekki veittur

2002

Hjörtur Pálsson: Nótt frá Svignaskarði



VERK AÐ FINNA

Hrífuskaftsflís
í hengibrúnni milli bendifingurs og þumals.

Útsaumsnál
undir baugfingursnögl.

Skeljasandur
í hælshæri.

Hrossafælir
sem skýst með þyt undan þúfu

fall

að missa andann -
sortna fyrir augum
í lyngi.

Sælan er skortur
á öllu nema tíma
til verkja.

Hamingjan
er sigg.

Vala Hauksdóttir

LJÓÐSTAFUR
JÓNS ÚR VÖR 2024

SKYGGNISHNIGNUN

Í götunni minni er alltaf þoka og á móti mér býr maður með veiðihár. Ég sé glytta í hann í gegnum þykknið og ég veit ekki hvort hann fylgist með mér eða fuglunum, smáum vængjum þeirra og kvikum hreyfingum sem örlar á í gegnum þykkt skyggnið. Beittar klærnar klóra skilaboð í mistrið sem kannski eru ætluð mér eða svartþröstunum í reynitrjánunum.

Í götunni minni er alltaf þoka og ég veit að í hinum húsunum býr upptekið fólk. Ég heyri stundum í þeim og sé daufar ljósatírur þeirra snemma morguns og á næturnar. Þau eiga stationbíla, jeppa, pallbíla og hjólhýsi og þeim finnst gaman að láta heyrast í þessu öllu. Á morgnana keyra þau á brott út í tæran veruleikann og skilja mig eftir ólæsa í þokunni.

Elísabet Dröfn Kristjánsdóttir

2. VERÐLAUN

DEIG

Í nótt dreymdi mig að ég fæddi hvítt deig sem ég bakaði síðan í ofni brauðið skar ég með ævagömlum brauðhníf úr húsi ömmu minnar þar sem engu hefur nokkurn tíma verið hent hver skúffa geymir hnífa allra sem hafa setið við borðið skáparnir eru yfirfullir af búningum, postulínsenglum, gömlum jólakortum frá fyrrverandi kærustum, dánum vinum og fjölskyldu stólarnir rúma enn alla kaffigesti sem flætt hafa í gegnum eldhúsið og skilið eftir sig fótatak, varalitarendur á bollunum og lykt sína ryð úr hnífnum situr eftir í brauðskorpunni minnir á glóð úr löngu slokknuðu eldfjalli í dag líður mér eins og deigið sem ég fæddi hafi verið barn bragðið af smjörinu situr á vörunum mylsnan er enn undir borðinu mér finnst eins og úr bókunum í hillunni berist hlátur þær eru svo margar að hvítu veggirnir sjást varla lengur ég heyri í tröllum kasta höfðunum aftur í hláturskasti yfir óförum mínum tröllin sem átu börnin vita að eina leiðin til að lifa er í sögu

Ragnheiður Harpa Leifsdóttir

3. VERÐLAUN

Í MÓÐURKVIÐI

Ég ríð mér net um rifbein þín
ligg þar þversum í hengirúmi
móki milli atgangsharðra hríðanna

vil ekki yfirgefa tryggt skjólið
var mitt gegn því ókunna sem bíður
handan við hálsinn

finn hvernig þú byltir þér
veltir höfðinu fram og til baka
á velktum svæflinum
í sóttheitri leit að rauðlogandi skilti:

NEYÐARÚTGANGUR

úr fangbrögðum
náttúrunnar

Draumeý Aradóttir

STRAUMÖND

Þegar ég stíg fram á brúnina
til að verða vitni að sjó

fælist hún
undan mennskunni
og hljóðar

blá og rústrauð
með hvítan blett á gagnauga
til þess að ég viti
að hún er að hlusta

það er fátt blátt hér
og þó – tvennt það allra stærsta
og straumönd
sem býr í hvoru tveggja

Elín Elísabet Einaradóttir

STRÍÐSYFIRLÝSING

Villimeyjar
hlaupa á villiengi

vírgrös
blómin spegilbrot

berfættar skera sig
á iljunum

stríðsmála andlit sín
með tánum

þær standa á höndum
stimpla blóðspor
á mánann

Halla Þórðardóttir

FÁLÆTI

Ég reyni
að kynnast þeim ekki of vel
fiskum dóttur minnar
er fjarrænn
jafnvel kuldalegur

því þegar einhver andast
er ég sóttur
til að fjarlægja líkin

börnin
þau kalla mig
„manninn með háfinn“

Jón Knútur Ásmundsson

LEGIÐ YFIR GÖGNUM

Ég hef legið yfir gögnum
kynnt mér sóknarfærin
valið af kostgæfni
réttu fötin
sem endurspegla
þann hluta af sjálfum mér
sem ég hef ákveðið
að selja
þann hluta sem getur aftengt
hjartað
og tileinkað sér
hvaða viðhorf sem er
horft á málin hlutlaust
eins og vísindamaður!
eins og fagmaður!
eins og framkvæmdastjóri
gasklefans! (róa sig)

ég hef legið yfir gögnum
æft mig fyrir framan spegil
því á ögurstundu
vil ég geta sagt

„ALUMINIUM“

án þess að vefjast tunga um tönn

ég hef legið yfir gögnum
tapað svefni og matarlyst
svo ég geti virkað afslappaður
frammi fyrir forstjóra
sem ég ímynda mér
að sé með
frímúrarahring á löngutöng

og ég hef legið yfir gögnum
og ég hef trú á mér
því ef þannig liggur á
get ég kallað fram tár
eins og að smella fingri
til að undirstrika
að ég meina það sem ég segi
og segi bara
það sem ég meina

hef legið yfir gögnum
er til í allt
nefndu það
allt!

nema kannski mannát
þar dreg ég mörkin
en fram að því
„tek ég umræðuna“

Jón Knútur Ásmundsson

SEGÐU MÉR EITTHVAÐ FALLEGT

segðu mér
eitthvað fallegt:

eitthvað sem færir stjórnurnar úr stað

sýndu mér
eitthvað fallegt:

mynd af húsinu
við vatnið
í vetrarbúningi

og spegilmynd þína
á yfirborðinu

Ragnar Jónasson



LJÓÐASAMKEPPNI GRUNNSKÓLA KÓPAVOGS



APPELSÍNUR

Ég lærði aldrei að afhýða appelsínurnar mínar
mér var aldrei kennt það
þú gerðir það fyrir mig
Ég var vanur að horfa á þig frá eldhúsbordinu þegar þú afhýddir þær

skarst þær í sneiðar
og deildir þeim með öðrum
ég var aldrei hrifinn af eplum, né ferskjum, ekki einu sinni þerum
bara appelsínum
þú varst sem appelsína lífs míns
þú afhýddir þykka húð þína
sýndi mér innra með þér
ljúfleika þinn og ást til mín
liturinn þinn var hlýr og aðlaðandi
ég afhýði mínar eigin appelsínur í dag

Alexander Aron Jörgensson
Lindaskóla, 10. bekk

1. VERÐLAUN

ÉG OG HÚN

með fjölskyldunni
um mosi vaxið hraunið
í mildu haustveðrinu.

Ég horfi á tunglið
speglast í vatninu,
og tunglið horfir til baka á mig.

Hún gengur ein
um myrkar húsarústirnar,
í hljóðlátu haustveðrinu.

Hún horfir á sama tunglið lýsa
upp staðinn þar sem áður stóð heimili.

Tunglið horfir huggandi til baka.

Inga Bríet Valberg
Snælandsskóla, 5. bekk

2. VERÐLAUN

MJÖLL, FÖNN OG DRÍFA

Mjöll, Fönn og Drífa,
systur allar þrjár.
Hver og ein einn vetur,
En hver og ein sérstök.

Mjöll sem vakir yfir haustinu,
kemur oft óboðin.
Sturtar yfir alla,
bómullarhnoðrum eða golfkúlum.

Fönn sem kallar á sveinana þrettán hver jól,
en mætir ekki alltaf og hátíð verður rauð.
Hún er kát og spræk eins og enska orðið,
yfirgefur okkur í janúar og býður systur í heimsókn.

Drífa kemur snögg og skyndilega,
hún ýtir þér út á tún með vinkonu vind.
Harkan endist að vori,
eftir það ertu laus.

Systurnar eru þrjár svo mikið er víst,
eru ekki allt árið en reyna það enn.
Einu dýrin sem sjá þær allt árið,
eru fuglarnir sem Jónas nefndi.

Sigurlín Viðarsdóttir
Lindaskóla, 10. bekk

3. VERÐLAUN

AÐ VERA ÉG

Að vera ég
er eins og að ferðast í gegnum óljósan skóg.
Ég er unglingur
og það er undarleg blanda af skoðunum og tilfinningum sem mér fylgir.
Ég er enn að finna leiðina mína
en það er ekki alltaf einfalt.
Ég reyni að skoða heiminn með nýjum augum
og læra af öllu sem ég upplifi.
Ég er ekki alvöru þáttur, heldur er ég enn að mynda söguna mína,
og það er ágætt.
Ég er eins og teningur með nokkrar hliðar, þar sem hver hlið er annar persónuleiki.
Á einni hliðinni er ég ánægður með allt
en á annarri hliðinni get ég verið frekar afbrigðilegur.
Ég lít á framtíðina með hræðslu
en líka með spenningi
og ég vona að finni mína eigin leið til að blómstra í þessum nýja heimi sem er að verða
ég.
Ég er einfaldlega unglingur
og það er nóg fyrir mig.

Ríkharrður Óli Brynjarsson
Lindaskóla, 10. bekk

BATMANN

Vöktunarnætur,
vörður bjarta þjóðar,
reiður ógnar.

Í myrkri nóttu,
skuggarnir dansa leik,
brotið burt úr gæfu.

Í fjarska skýin
riddarinn bíður
batnandi brotnar.

Í skuggaleik náttúrunnar dansar birtan sterk,
batnandi hjartað, vörður bjarta þjóðar,
riddarinn bíður í brotnu burt úr gæfufurli.

Angelo Mikael Korale Arachchige
Lindaskóla, 9. bekk

FUGLALJÓÐ

Fuglar sem tísta og fuglar sem öskra
Fuglar sem fljúga og fuglar sem labba
Fuglar sem synda og fuglar sem segja krakra
Fuglar litlir og stórir fuglar þykkir og mjóir

Allar tegundir og litir
Allir fuglar saman hér
Allar fjaðrir allir fuglar
Allir ungar og egg

Evelina Sóley Arthur
Kárnesskóla, 7. bekk

Í ÖÐRUM HEIMI

Í öðrum heimi fylgir kötturinn minn enn eftir mér og bragðið af kalda ísteinu situr enn á tungunni minni á heitum sumardeg
Í öðrum heimi hvílir rúmið mitt enn í sama horninu, teikningarnar mínar eru enn hengdar upp á alla fleti á veggjunum mínum og gólfið mitt er stráð af leikföngum
Í öðrum heimi fæ ég enn pabba til að bera mig í rúmið ef ég sofna í bílnum
Í öðrum heimi bakar öll fjölskyldan mín enn piparkökur saman um jólin
Í öðrum heimi er amma enn að kenna mér að synda
Í öðrum heimi kyssir mamma enn á öll meiðslin mín
Í öðrum heimi vakna ég enn á hverjum laugardagsmorgni til að horfa á teiknimyndir
Í öðrum heimi hvíli ég enn í örmum móður minnar á meðan hún kennir mér að lesa, augnlok mín þung af þreytu
Í öðrum heimi laumast ég enn inn í svefnherbergi foreldra minna á næturnar til að sofa á milli þeirra
Í öðrum heimi er ég enn sex ára

Alexander Aron Jörgensson
Lindaskóla, 10. bekk

SUMARIÐ

Sumarfríð, ferðirnar
Sólin skín um allan stað
Sundferðir og ístúrar
Lautarferðir, minningar

Strandirnar og garðarnir
Bústaðir og vinirnir
Litlu blómin, gamanið
Enginn skóli, saman við

Elsa Hlín Sigurðardóttir
Lindaskóla, 9. bekk

ÚTI

Úti er kalt.
Sólin skín á frosið grasið.
Krakkar leika sér úti.
Trén hafa misst öll laufblöðin sín.

Jólin eru að koma.
Það rigndi í nótt.
Allir vatnsdroparnir eru orðnir að grýlukertum.
Margt hefur breyst úti.
En inni er þetta bara venjulegur skóladagur.

Sóldís Anahita Shhsafdari
Álfhólsskóla, 6. bekk